



## SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur, 23. desember, 2009

Ákvörðun nr. 49/2009

### **Samruni Kaupþings banka hf. og Arion banka hf.**

#### **I.**

##### **Málsatvik og málsmeðferð**

Þann 25. september sl. barst Samkeppniseftirlitinu samrunaskrá vegna yfirtöku Kaupþings banka hf. (hér eftir Kaupþing) á Nýja Kaupþingi banka hf. (nú nefndur Arion banki hf., hér á eftir Arion) í samræmi við ákvæði 17. gr. a samkeppnislaga. Fullnægðil tilkynningin skilyrðum samkeppnislaga og reglna Samkeppniseftirlitsins nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum en félögum sem ekki starfa á sömu mörkuðum er heimilt að skila styttri tilkynningu skv. 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga vegna samruna. Samrunaaðilarnir eru fjárfestinga- og viðskiptabankar en starfsemi Arion banka snýr að innlendri bankastarfsemi ólíkt Kaupþingi en starfsemi þess snýr að meginstefnu til að erlendum bankamarkaði. Fyrirtækin starfa því ekki á sama markaði.

Með bréfi dags. 19. okt. óskaði Samkeppniseftirlitið eftir frekari upplýsingum um hverjir skipuðu kröfuhafaráð Kaupþings. Barst svar bankans með bréfi dags. 21. okt. Með bréfi dags. 29. okt. tilkynnti Samkeppniseftirlitið að stofnunin teldi ástæðu til frekari rannsóknar samrunans.

Þann 23. nóvember komu fulltrúar Kaupþings á fund Samkeppniseftirlitsins þar sem stofnunin lýsti ákveðnum samkeppnislegum vandkvæðum við samrunann. Í kjölfar fundarins barst Samkeppniseftirlitinu tölvupóstur frá samrunaaðilum dags. 23. nóvember með tillögu að skilyrðum sem draga mættu úr hugsanlegum samkeppnislegum vandkvæðum.

#### **II.**

##### **Samruni**

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting á yfiráðum verður til frambúðar. Er nánar tilgreint í a. til d. liðum 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga í hverskonar aðgerðum samruni getur falist.

Aðdraganda samruna þessa má rekja til þess að þann 6. október 2008 samþykkti Alþingi lög nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., svokölluð neyðarlög, sem fólu m.a. í sér breytingu á lögum nr. 161/2002 um fjármálaþyrtingu. Lögin heimiluðu Fjármálaeftirlitinu (hér eftir FME) að grípa til sérstakra ráðstafana sem fólust meðal annars í heimild til að taka yfir rekstur



fjármálafyrirtækja með það að markmiði að bregðast við óvenjulegum aðstæðum á íslenska fjármálamarkaðinum og tryggja áframhaldandi viðskiptabankastarfsemi hér á landi. Á grundvelli framangreindra laga tók FME ákvörðun þann 9. október 2008 um að víkja frá félagsstjórn Kaupþings banka hf. og skipa þess í stað skilanefnd bankans sem tók strax við öllum heimildum stjórnar félagsins samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélag nr. 2/1995. Samkvæmt ákvörðuninni ber skilanefnd að fara með öll málefni bankans, þ. á. m. að hafa umsjón með allri meðferð eigna bankans, svo og að annast annan rekstur hans.

Bar Arion banka að greiða Kaupþingi fyrir þær eignir sem Arion tók yfir. Nokkrar hugmyndir voru skoðaðar svo sem að Arion greiddi Kaupþingi ekki fyrir eignirnar með skuldabréfi og að íslenskra ríkið yrði ekki eini eigandi Arion banka. Niðurstaðan var sú að Arion banka gefst kostur á að eignast um 87% hlutafjár. Íslenska ríkið mun samkvæmt þessu eignast um 13% hlutafjár Arion banka. Endanleg eignarhlutföll þurfa ekki að verða nákvæmlega þessi skv. samkomulagi aðila en ljóst er að Kaupþing mun fara með rúman meirihluta hluta í Arion banka. Þá er tekið fram í samrunaskrá að framangreindar stærðir fjármálagerninganna, þ.e. víkjandi lánsins og almenna hlutafjárins, gætu breyst þegar fjármögnunin verður samþykkt af FME.

Samkeppniseftirlitið telur ljóst að fyrir tilstilli framangreindra gerninga hafi Kaupþing náð yferráðum yfir Arion banka og um sé að ræða samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga. Rétt er að taka fram að ekki er fjallað um fyrirhuguð yferráð kröfuhafa Kaupþings yfir Arion banka heldur aðeins þá breytingu sem nú verður með yfirtöku Kaupþings á bankanum.

### III.

#### Niðurstaða

Í 17. gr. c samkeppnislaga segir að telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði að öðru leyti til þess að samkeppni raskist með umtalsverðum hætti getur stofnunin ógilt samruna eða sett honum skilyrði.

#### 1.

Arion banki er viðskiptabanki. Starfrækir Arion banki útibú eða bankaafgreiðslur víða um land. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 50/2008 *Samruni SPRON og Kaupþings* var komist að þeirri niðurstöðu að viðskiptabankarnir Glitnir banki hf., Landsbanki Íslands hf. og Kaupþing banki hf. væru í sameiginlegri markaðsráðandi stöðu. Nú er sama starfsemi rekin á Íslandi undir merkjum NBI hf., Arion banka hf. og Íslandsbanka hf. Samkeppniseftirlitið hefur ekki undir höndum upplýsingar sem benda til annars en að hin sameiginlega markaðsráðandi staða sé enn fyrir hendi.

Samkvæmt samrunaskrá er engin skörun á starfsemi samrunaaðila á hinum skilgreindu mörkuðum. Er þar tekið fram að starfsemi Kaupþings takmarkist við að þjónusta erlendar eignir með það að augnamiði að hámarka virði eignasafns bankans kröfuhöfum til hagsbóta. Arion banki bíður aftur á móti einstaklingum og fyrirtækjum hefðbundna bankaþjónustu.



Þá kemur fram í samrunaskrá að Arion banki hafi tekið yfir nokkur rekstrarfélög. Þeirra á meðal er Penninn á Íslandi ehf. Um þann samruna fjallaði Samkeppniseftirlitið í ákvörðun nr. 10/2009 *Yfirtaka Nýja kaupþings banka hf. á hluta Pennans ehf.* Samkeppniseftirlitið hefur haft til skoðunar samruna Arion banka og annarra rekstrarfélaga sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2009 *Kaup Nýja Kaupþings banka hf. á Hafrahlíð ehf.* Arion banki rekur þannig af ýmsum ástæðum rekstrarfélög sem ekki tengjast fjármálaþjónustu með beinum hætti. Rekstur þessara félaga skarast hins vegar ekki við rekstur Kaupþings miðað við samrunaskrá aðila.

## 2.

Af framansögðu leiðir að starfsemi samrunaaðila skarast í meginatriðum ekki. Til grundvallar samrunatilkynningu aðila liggja eins og áður sagði áform um að kröfuhafar Kaupþings banka hf. eignist þorra hlutafjár í Arion banka. Hliðstæð áform liggja til grundvallar annarri samrunatilkynningu sem Samkeppniseftirlitið hefur haft til skoðunar, þ.e. yfirtaka Glitnis banka hf. á Íslandsbanka hf.. Ekki liggja fyrir staðfestar upplýsingar um samsetningu kröfuhafahópsins auk þess sem viðskipti eiga sér stað með kröfur. Að mati Samkeppniseftirlitsins er ekki óhugsandi að sú staða komi upp að sömu kröfuhafar verði áberandi beggja megin, þ.e. hjá Glitni annars vegar og Kaupþingi banka hins vegar. Komi sú staða upp getur hún raskað samkeppni. Þannig getur það haft áhrif til samræmingar á stefnu bankanna ef kröfuhafar þeirra eru hinir sömu þrátt fyrir að þeir fari ekki með bein eignaráð yfir þeim. Í þessu máli er það því mat Samkeppniseftirlitsins að nauðsynlegt að setja skilyrði sem girði fyrir að dulin tengsl geti haft neikvæð áhrif á samkeppni og tryggja samkeppnislegt sjálfstæði Arion banka. Rétt er hins vegar að taka fram að komi til breytinga á yfirráðum bankanna munu þær breytingar koma til skoðunar í nýju máli.

Í ljósi framangreinds taldi Samkeppniseftirlitið að til greina kæmi að grípa til íhlutunar vegna samrunans. Í 17. gr. c samkeppnislaga kemur fram að Samkeppniseftirlitið geti sett samruna sem hindrar virka samkeppni í skilningi ákvæðisins skilyrði. Með því að setja slíkum samruna skilyrði er ætlunin að koma í veg fyrir þau samkeppnishamlandi áhrif samruna sem ella myndu leiða til ógildingar hans. Verða skilyrði að vera fullnægjandi í því skyni, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 18/2001 *Mjólkurfélag Reykjavíkur svf., Lýsi hf. og Fóðurblandan hf. gegn samkeppnisráði.* Líkt og fram hefur komið hafa viðræður við Kaupþing leitt til þess að sátt hefur verið gerð í málinu með setningu skilyrða sem ætlað er að koma í veg fyrir umrædd samkeppnisleg vandkvæði og tryggja samkeppnislegt sjálfstæði Arion banka. Samkeppniseftirlitið telur að skilyrðin séu nægjanleg til þess að eyða þeim samkeppnislegu vandamálum sem ella hefðu skapast með samruna þessum.

## IV.

### Ákvörðunarorð:

**„Yfirtaka Kaupþings banka hf. á eignarhlut í Nýja Kaupþing banka hf. felur í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 en í kjölfar samrunans á**



**Kaupping banki hf. meiri hluta hlutfjár í félaginu. Með heimild í 17. gr. samkeppnislaga eru samrunanum sett skilyrði. Með setningu eftirfarandi skilyrða er ekki þörf á ógildingum samrunans:**

**1.**

**Kaupping skal tryggja samkeppnislegt sjálfstæði Arion banka á íslenskum viðskiptabanka markaði. Skal það gert m.a. með því að tryggja að í stjórn Arion banka sitji einstaklingar sem eru óháðir eftirfarandi aðilum:**

- **Öðrum viðskiptabönkum og sparisjóðum á Íslandi sem starfa á sama markaði og Arion banki.**
- **Þeim sem hafa yferráð yfir öðrum viðskiptabönkum og sparisjóðum á Íslandi sem starfa á sama markaði og Arion banki.**
- **Öðrum sem hafa verulega hagsmuni að gæta af rekstri bæði Arion banka og keppinauta félagsins, t.d. stærstu kröfuhafar sem eiga kröfur í fleiri en einum banka.**

**Stjórnarmaður telst óháður ef hann er ekki starfsmaður eða stjórnarmaður hjá framangreindum aðilum. Hið sama gildir ef hann er ekki maki stjórnarmanns eða stjórnanda hjá ofangreindum aðilum, skyldur þeim í beinan legg eða fyrsta legg til hliðar. Einnig telst stjórnarmaður óháður ef hann er ekki verulega háður framangreindum aðilum í störfum sínum. Þeir sem t.d. sinna reglubundið hagsmunagæslu og/eða ráðgjafarstöfum fyrir framangreinda aðila teljast vera verulega háðir.**

**2.**

**Kaupping og Kaupskil skulu tryggja eftir því sem félaginu er unnt í krafti eignarhlutar síns að Arion eigi ekki í viðskiptalegu samstarfi við keppinauta sem fer í bága við 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 eða önnur ákvæði samkeppnislaga.**

**3.**

**Stjórnarmenn í Arion skulu undirrita sérstaka yfirlýsingu um að þeir muni í stjórnarstörfum sínum fylgja ákvæðum samkeppnislaga nr. 44/2005 og ekki grípa til aðgerða sem geta raskað samkeppnislegu sjálfstæði Arion.**

**4.**

**Kaupping skal upplýsa Samkeppniseftirlitið á sex mánaða fresti um hverjir 50 stærstu þekktu kröfuhafar bankans séu. Jafnframt skal upplýst um allar breytingar í eignarhaldi Arion banka.**

**5.**

**Skilyrði ákvörðunar þessarar taka til allra beinna eða óbeinna aðgerða Kaupþings, þ. á m. í gegnum dótturfélög.**

**6.**



**Kaupping skal tilkynna Samkeppniseftirlitinu eigi síðar en tveimur mánuðum eftir undirritun sáttar þessarar um það með hvaða hætti Kaupping hyggst tryggja samkeppnislegt sjálfstæði Arion banka.**

**7.**

**Brot á þessum skilyrðum varðar viðurlögum samkvæmt IX. kafla samkeppnislaga.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson